

# Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna

## Viðmið

**Hlutverk og gildi:** Ungmennaráð SOS Barnaþorpanna er vettvangur fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á hjálparstarfi, þróunarsamvinnu og réttindum barna, og vill nýta krafta sína í að koma þekkingu á þessum mállefnum á framfæri. Um er að ræða sjálfboðastarf. Ungmennaráðið kynnir SOS Barnaþorpin, þróunarmál og barnahjálparstarf fyrir jafnöldrum, vekur athygli á réttindum barna, skipuleggur viðburði, heldur safnanir, tekur þátt í viðburðum SOS Barnaþorpanna og sækir fjármagn til framkvæmda viðburða félagsins.

- Kynningar í skólum (jafningjafræðsla)
- Hönnun og skipulagning vitundarvakningarviðburða
- Söfnunarviðburðir til styrktar starfsemi SOS Barnaþorpanna
- Umsóknir um styrki til framkvæmda á viðburðum félagsins
- Þátttaka í viðburðum SOS Barnaþorpanna
- O.fl.

**Framtíðarsýn:** Að ungmenni á Íslandi þekki til SOS Barnaþorpanna og réttinda barna á heimsvísu, og taki virkan þátt í hjálpar- og þróunarstarfi.

### Aldur

Meðlimir í ungmennaráði eru 16 til 25 ára

### Fjöldi

10-15

### Mætingaskylda

Fá áminningu frá formanni eftir ákv. tíma.

### Fjöldi funda

Einn aðalfundur (á haustin) þar sem formaður ráðsins er kosinn. *Sá aðili sem fær meirihluta atkvæða frá meðlimum ungmennaráðs og upplýsingafulltrúa er kjörinn.*

Hittast að jafnaði tvisvar í mánuði

**Formaður ungmennaráðs** sér um fundarboð í samráði við upplýsingafulltrúa og/ eða aðra starfsmenn SOS Barnaþorpanna. Ungmennaráð hefur aðstöðu í skrifstofu SOS Barnaþorpanna en hefur leyfi til að hittast annars staðar eftir ósk meðlima.

### Tengsl við starfsfólk

Upplýsingafulltrúi SOS Barnaþorpanna er tengiliður við ungmennaráð. Ávalt skal hafa samráð við upplýsingafulltrúa eða staðgengil hans til að fá samþykki fyrir aðgerðum ungmennaráðs.

## **Val í ráðið**

Sótt er um þátttöku í ungmennaráð á vef SOS Barnaþorpa, eða í gegnum tölvupóst. Upplýsingafulltrúi og formaður ungmennaráðs fara yfir umsóknir.

## **Hvað sitja meðlimir lengi í ráðinu?**

Formaður ungmennaráðs og aðrir meðlimir eru kjörnir til eins árs í senn.